1. **Bílastæði | Carpark**

2. **Miðasala | Ticket Office**

Húsið var verslunarhús við Laugaveg, reist árið 1901. Þar er nú afgreiðsla safnsins.

*Built in 1901, this used to be a shop from 1923 on Laugavegur, in Reykjavík. It is now the museum's ticket sales counter and souvenir shop.*

3. **Prófessorshúsið | The Professor's House**

Húsið var bústaður yfirlæknisins á Kleppi, reist árið 1907. Þar eru nú skrifstofur safnsins.

*Built in 1907, this building served as the residence for the chief physician at the Kleppur psychiatric hospital. It is now used as the museum's main office.*

4. **Landakot**

Fyrsta kaþólska kirkjan á Íslandi eftir siðaskipti, reist árið 1897. Um 1930 fékk hún nýtt hlutverk sem íþróttahús Íþróttafélags Reykjavíkur. Þar er nú sýningin „Komdu að leika“ .

*This was the first Catholic church to be built in Iceland following the Reformation. Around 1930, it was used for a new purpose, this time as the gym for the Reykjavík Sports Club. Here you'll find the exhibition 'Come and Play'.*

5. **Suðurgata 7**

Elsti hluti hússins var byggður árið 1833. Þar er nú sýning um heimilishald betri borgara á fyrri hluta 20. aldar.

*The oldest part of this house was built in 1833. Here you'll find an exhibition about the household of a wealthy family during the first part of the 20th century.*

6. **Lækjargata 4**

Fyrsta tvílyfta íbúðarhúsið í Reykjavík, reist árið 1852. Sýningin „Neyzlan – Reykjavík á 20. öld“ er þar til húsa. Þar er einnig krambúð safnsins.

*The first two-storey apartment building in Reykjavík, built 1852. The exhibition 'Consumption – Reykjavík in the 20th Century' is located here, as well as the museum's general store.*

7. **Líkn | Relief House**

Húsið Líkn var byggt árið 1848 úr múrsteinum sem urðu afgangs við stækkun og viðgerð á Dómkirkjunni. Hjúkrunarfélagið Líkn starfaði þar um miðja 20. öld. Þar eru nú settar upp ýmsar sýningar.

*Relief House was built in 1848 out of bricks that were left over after the enlargement and restoration of Dómkirkjan, the Reykjavík Cathedral. The Relief Nurses' Association operated from this building from around the middle of the 20th century. The house is now a venue for various exhibitions.*

8. **Hesthús | Stable - Garðastræti 9**

Hesthús sem þetta voru víða í Reykjavík á 19. öld.

*This stable is representative of those used throughout Reykjavík during the 19th century.*

9. **Laufásvegur 31**

Húsið er fulltrúi norskra sveitserhúsa sem voru algeng í Reykjavík um aldamótin 1900, reist árið 1902. Þar er nú starfsmannabústaður.

*This house is representative of the Norwegian catalogue homes – shipped from Norway and assembled on site – that were common in Reykjavík around the turn of the 20th century. It now serves as staff residence.*

10. **Reykhólar**

Húsið var reist árið 1926 við Kleppsveg í Reykjavík. Þar er nú starfsmannabústaður.

*Built in 1926 on Kleppsvegur it now serves as staff residence.*

11. **Kirkja | Church**

Safnkirkjan í Árbæjarsafni var upphaflega reist á Silfrastöðum í Skagafirði árið 1842 en endurbyggð sem baðstofa um 1900. Kirkjan hefur staðið á safninu síðan 1961.

*The museum church at Árbær Museum was originally built in 1842 at Silfrastaður, in Skagafjörður, North Iceland. It was renovated as a shared living and sleeping quarters, around 1900. It has been located at Árbær since 1961.*

12. **Skrúðhús | Vestry**

Skrúðhúsið var reist á safninu árið 1965 og þjónar við athafnir í safnkirkjunni.

*The vestry was erected at Árbær in 1965 to provide extra room for the services in the museum church.*

13. **Árbær**

Árbæjar er fyrst getið í heimildum frá 15. öld. Núverandi bæjarhús eru frá aldamótunum 1900. Búskapur lagðist af í Árbæ árið 1948. Hægt er að skoða bæinn.

*The first documented references to Árbær farm occur around the 15th century. The current farmhouse, however, dates back to around 1900. Farming ceased at Árbær in 1948. You can walk through the interior of the farmhouse.*

14. **Eldsmiðja | Smithy**

Hún var reist árið 1963 og líkir eftir smiðjum sem algengar voru til sveita áður fyrr.

*The smithy was built in 1963 and resembles forges that were common in the Icelandic countryside in earlier times.*

15. **Væringjaskálinn | Scout's Cabin**

Skálinn var reistur af skátafélaginu Væringjum árið 1920 við Lækjarbotna. Þar er sýning um skátastarf um 1960.

*This hut was built by the boy scout troop Væringjar in 1920 at Lækjarbotnar. Here you'll find an exhibition about scouting activities around 1960.*




16. **Hesthús | Stable**

Upprunalegt hesthús.

*Original stables.*

17. **Fjárhús | Sheep Shed**

Fjárhús sem er eitt af upprunalegum útihúsum í landi Árbæjar.

*This sheep shed was one of Árbær farm's original outbuildings.*

18. **Kornhús | Granary**

Húsið er annað tveggja verslunarhúsa á safninu frá Vopnafirði, byggt um 1820. Þar er sýningin „Hjáverkin – Atvinnusköpun kvenna í heimahúsum 1900 – 1970“.

*This is one of two commercial buildings from Vopnafjörður fjord (on the Northeast coast of Iceland) at the museum. It was built around 1820. Here you'll find the exhibition, 'Between the Lines. How stay-at-home women earned a livi[...] 1900-1970.'*

19. **Kjöthús | Meat House**

Annað tveggja verslunarhúsa [...] Vopnafirði. Þar er nú sýning[...] „Húsagerð í höfuðstað 1840-1940[...]

*This is one of two commercial buildi[...] from Vopnafjörður fjord at the museu[...] Here you'll find the exhibition, 'Build[...] Techniques in Reykjavík, 1840 – 1940[...]*

20. **Gullborinn | Gold Drill**

Borinn var fenginn til landsins á[...] 1922 til að bora eftir gulli í Vatn[...] mýrinni í Reykjavík. Ekkert gull fann[...] en hann var notaður til að bora e[...] heitu vatni.

*The drill was brought to Iceland in 19[...] to drill for gold in Vatnsmýrin in Reykj[...] vík. No gold was found, but the rig w[...] used to drill for geothermal water.*




**21. Bílaverkstæði | Garage**

Bifvélaverkstæði frá fyrri hluta 20. aldar.

*A garage from the early 20th century.*

**22. Miðhús**

Húsið var byggt sem íbúðarhús árið 1897 við Lindargötu 43A. Þar má sjá prentsmiðju og heimili prentara.

*Built in 1897, this apartment building was located at Lindargata 43A. Here you can see a printer's shop and home.*

**23. Ívarssel**

Húsið var byggt árið 1869 og það stóð við Vesturgötu 66a. Unnið er að endurgerð hússins.

*This house was built in 1869. Renovations are underway.*

**24. Nýlenda**

Húsið var reist árið 1883 og stóð við Nýlendugötu 31, en gatan dregur nafn sitt af húsinu. Þar er nú sýning um heimili tómthúsmannsfjölskyldu fyrir aldamótin 1900.

*This house was built in 1883 and was located at Nýlendugata 31. The street actually took its name from the house. Here you can see an exhibition about a family of landless labourers before the turn of the 20th century.*

**25. Hansenshús | Hansen's House**

Húsið stóð austan við Dómkirkjuna, þar sem nú er Pósthússtræti 15, byggt árið 1823. Unnið er að endurgerð hússins.

*Built in 1823, this house was located to the east of Dómkirkja, the Reykjavík Cathedral. Renovations are underway.*

**26. Hábær**

Húsið var reist árið 1887 og stóð lengst af við Grettisgötu 2B. Þar er nú sýning sem sýnir heimili fátækrar fjölskyldu um 1950.

*The house was built in 1887 and was located at Grettisgata 2B. Here is an exhibition about the lives of an impoverished family around 1950.*

**27. Hænsnakofi | Henhouse**

**28. Hjallur | Latticework Shed**

**29. Þingholtsstræti 9**

Húsið var byggt úr afgangstimbri þegar Lærði skólinn (MR) var byggður árið 1846. Þar má sjá verkstæði gullsmiðs og skósmiðs.

*This building was constructed from leftover timber once the Reykjavík grammar school MR was completed in 1846. Here you can see the workshops of a goldsmith and cobbler.*

**30. Dillonshús | Dillon's House**

Húsið var reist árið 1835 á horni Suðurgötu og Túngötu. Arthur E.D. Dillon lét smíða húsið. Þar er nú kaffihús safnsins.

*This house was built for Arthur E.D. Dillon in 1835 on the corner of Suðurgata and Túngata. Today, the museum café is located in the house.*

**31. Efstibær**

Reist árið 1883. Þar er nú sýning um heimili verkamanna í Reykjavík á fyrsta áratug 20. aldar.

*Built in 1883. Here you can see an exhibition of a Reykjavík labourers' home during the first decade of the 20th century.*

**32. Skemmtihúsið | The Garden House**

Húsið var byggt árið 1910.

*This building was constructed in 1910.*